

Stjórn Foreldrafélags Glerárskóla

Fundur 2. febrúar 2022 klukkan 17:30

Mættir: Ása, Anna Karen, Sveinbjörg, Daníel og Brynja

Fundarefni:

- Farið yfir stöðuna á COVID-19 smitum í skólanum.
- Brynja segir frá væntanlegum framkvæmdum við Glerárskóla sem enn eru á teikniborðinu og því raski og tilfærslum sem búast má við þeirra vegna.
- Rætt um hvort og hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á stoðþjónustu við skólann, Brynja segir hana ekki hafa raskast.
- Brynja spyr Daníel hvort búið sé að senda reikninga fyrir foreldrafélagsgjöldum. Það verður gert í febrúar/mars. Þar sem ekkert er um að vera hjá bekkjarfulltrúum vegna faraldurs þá heldur áfram að safnast inn á reikninginn. E.t.v. er hægt að gefa skólanum eitthvað í nýja húsnæðið þegar það er tilbúið.
- Rætt um afstöðu skólans til þess að nemendur haldi bekkjarafmæli. Þar er engin formleg eða opinber afstaða nema Eyrún hefur sagt að hún mæli alls ekki með slíku meðan faraldurinn er í hámarki.
- Rætt um aðbúnað á skólalóðinni, þrengsli og endurtekna árekstra á sparkvelli, sem þó hefur fækkað með tilkomu nýs körfuboltavallar. Í því samhengi segir Brynja frá þeirri hugmynd að fjarlægja girðingu milli skólans og fótboltavallar Þórs svo nemendur geti nýtt austari völlinn í frímínútum. E.t.v. hægt að skoða hvort foreldrafélagið geti beitt sér eitthvað í því máli.
- Rætt um hvaða gjafir skuli gefa nýjum börnum sem hefja nám við skólann næsta haust. Hvort það verði vatnsbrúsar, húfur með endurskini, skólatöskuhlífar eða eitthvað annað.
- Rætt um skápana sem settir voru upp fyrir eldri nemendur, að þeir eru ekki notaðir. E.t.v. þarf að "innleiða" notkun þeirra hjá bekkjum sem koma upp í unglingsáldina svo þau nýti sér þá og burðist ekki með óþarflega þungar töskur.
- Rætt um hvernig snjallsímar trufla félagsleg samskipti nemenda, hvort það sé í ennþá þörf fyrir að nota þá í kennslu eftir að skólinn tæknivæddist og loks hvort það væri fýsilegt að banna snjallsíma í skólanum; kosti og galla. Ákveðið að halda hugmyndinni opinni fyrir frekari umræður.

Fundi slitið kl 19